

69
14. maí.

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 17. febrúar 1917 um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðs sykri.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, eru sett eftirfarandi ákvæði:

2. gr. nefndrar reglugjörðar orðist þannig:

Hveiti mega bakarar aðeins nota til að baka súrbrauð, franskbrauð og vana-
legar tvíðkur. Ekki mega heldur aðrir nota hveiti til baksturs til sölu, annars
en þess, er að framan getur.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. maí 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

70
16. maí.

Reglugjörð

**um breyting á reglugjörð 26. apríl 1917 um viðauka við reglugjörð
11. apríl 1917 um aðflutta kornvöru og smjörlíki.**

Samkvæmt heimild í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórn-
ina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, er hjermeð sett eftirfarandi
ákvæði.

5. gr. nefndrar reglugjörðar orðist þannig:

Nefndinni ber að hafa vakandi auga á kornvörubirgðum í kaupstaðnum,
svo landsstjórnin hvenær sem er, geti fengið upplýsingar um hve miklar þær sjeu og
hve lengi þær munu endast, og er einstökum mönnum og fjelögum, sem birgðir
eiga eða geyma af þessum vörum, til hvers sem þær eru ætlaðar, skylt að gefa
nefndinni þær upplýsingar um birgðir sínar, sem hún æskir. Um kornmatarþörf

á mann gildir sama um kaupstaði og um sveitir er greinir í 6. gr. reglugjörðar 70
21. apríl 1917. 16. maí.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 16. maí 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Endurskoðuð reglugjörð

71
23. maí.

**fyrir Akureyrarkaupstað um niðurjöfnun og innheimtu vatns-
skatts, notkun vatns úr bæjarvatnsveitunni, meðferð
á vatnsæðum o. fl.**

1. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin þriggja manna nefnd úr flokki sínum.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til húsa-
skatts og vatni er veitt í, eða standa svo nærri vatnsæðum, að þær sjeu nothæf-
ar til eldvarnar, skal greiða vatnskatt, enda eiga húseigendur rjett á að fá vatns-
æð lagða að húsvegg. Skatturinn skal lagður á eftir skattvirðingu húsanna og
greiðist með 3,5 p. m. af fyrstu 10,000 krónum virðingarverðsins, en með 2 p.
m. af því sem fram yfir er. Þegar svo er ástatt að einn er eigandi að fleiri hús-
um, er standa í hvirfingu á sömu lóð, og notuð eru til sama atvinnureksturs —
enda sje eigi búid í nema einu þeirra — þá reiknast 2 p. m. af því sem fram
yfir er 10.000 kr. af samanlögðu virðingarverði húsanna.

Auk þess greiða húseigendur 1 kr. árlega fyrir hvern mann, sem býr í
húsum þeirra, þegar manntal er tekið næst áður en niðurjöfnun skattsins fer fram.

Nú hrökkva ekki tekjur vatnsveitunnar fyrir gjöldum og getur þá bæjar-
stjórnin ákveðið fyrir eitt ár í senn að að hækka vatnsskatt þennan um allt
að 20 %.